

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

UNGSVEITIN U LEIKUR TSJAJKOVSKÍJ

21. SEPTEMBER 2025
ELDBORG HARPA

VELKOMIN

VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM Á MEÐAN
TÓNLEIKUM STENDUR.

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS.

TÍMALENGD VERKA:

SINFÓNÍA 45´

**Tónleikarnir eru hljóðritaðir og
verður útvarpað síðar á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

Reykjavík

Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið

SAMSTARFSAÐILI
Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK

STOLTUR BAKHJARL
KVIKA Eignastýring

BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN

UNGSVEITIN LEIKUR TSJAJKOVSKÍJ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 21. SEPTEMBER KL. 14:00

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

NATHANAËL ISELIN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

JOSEPH OGNIBENE
AÐSTOÐARHLJÓMSVEITARSTJÓRI

PJOTR TSJAJKOVSKÍJ
Sinfónía nr. 4 í f-moll, op. 36 (1877–78)
- Andante sostenuto - Moderato con anima
- Andantino in modo di canzona
- Scherzo: Pizzicato ostinato - Allegro
- Finale: Allegro con fuoco

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is

NATHANAËL ISELIN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförnum árum. Hann stundaði nám við Konservatóríið i París og lauk þaðan bakkalárprófi í slagverksleik, mastersprófi í hljómfræði og diplómaprófum í píanóleik og tónfræði. Síðan nam hann hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusarakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki, Jorma Panula, Sakari Oramo, Simone Young og Thomas Søndergård.

Iselin hóf hljómsveitarstjóraferil sinn sem aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Árósum og stuttu síðar hlaut hann fyrstu verðlaun í hinni virtu Panula hljómsveitarstjórakeppni sem haldin er í Vaasa í Finnlandi. Hann var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022–23 en honum bauðst staðan í kjölfar páskatónleika hljómsveitarinnar sem hann stýrði vorið 2022.

Nathanaël er reglulegur gestur hjá Fílharmóníuhljómsveit Kaupmannahafnar og Sinfóníuhljómsveitinni í Árósum en hefur einnig við ýmis tækifæri stýrt hljómsveitum á borð við Lundúnasinfóníuna, Niðurlandafílharmóníuna, Orchestre National de France, Singapúrsinfóníuna, Dönsku útvarpshljómsveitina og Fílharmóníuhljómsveitina í Helsinki. Á næstunni þreytir hann frumraun sína meðal annars hjá finnsku og norsku útvarpshljómsveitunum.

Á óperusviðinu hefur Nathanaël Iselin stjórnað uppsetningu á óperunum Öskubusku eftir Rossini, Carmen eftir Bizet og Rigoletto eftir Verdi hjá Opera Heldeland sem er stærsta óperuhátíð Danmerkur. Nýverið stjórnaði hann sýningum á Töfraflautu Mozarts í Alþýðuóperunni (Folkopera) í Stokkhólmi og Brúðkaupi Fígarós í Hederland óperunni sem staðsett er í útjaðri Kaupmannahafnar.

Nathanaël Iselin stjórnar nú Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands í þriðja sinn á tónleikum.

UNGSVEIT SÍ



LISTRÁÐ UNGSVEITAR SÍ
Listráð Ungsveitarinnar var stofnað 25. október 2022 og í því eiga átta Ungsveitarmeðlimir sæti ásamt fræðslustjóra SÍ. Listráðið kemur beint að framkvæmd og útfærslu Ungsveitarnámskeiðanna og prufuspila, leggur fram óskir um verkefnaval og hvernig móttöku nemenda í Ungsveitina skal háttað. Listráðinu var komið á fót svo ávallt sé litið til áherslna og hugmynda Ungsveitarmeðlima við ákvarðanatöku varðandi hljómsveitarnámskeiðin líkt og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var stofnuð árið 2009 og hefur vakið verðskuldaða athygli. Fjöldi ungmenna úr tónlistarskólum landsins taka þátt í hljómsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitar Íslands ár hvert í Hörpu. Markmiðið með Ungsveitinni er að gefa tónlistarnemendum vettvang til að kynnast hinum sinfóníska heimi af eigin raun, og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin í ár er skipuð tæplega 100 ungum hljóðfæraleikurum en einnig koma hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands að verkefninu með þjálfun og undirbúningi, auk þess leika nokkrir þeirra með Ungsveitinni hér í dag.

Ungsveitin hefur flutt mörg helstu verk tónbókmenntanna undir styrkri stjórn fyrsta flokk hljómsveitarstjóra, m.a. Rumons Gamba, Petris Sakari, Ilans Volkov og Evu Ollikainen, sem öll hafa gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinóníuhljómsveitar Íslands.

Umsjón Ungsveitarinnar er í höndum Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra SÍ. Á næstu vikum verður tilkynnt um verkefnaval sveitarinnar að ári og verða prufuspil haldin vorið 2026.

Björn Skúlason eiginmaður forseta Íslands er verndari Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

PJOTR TSJAJKOVSKÍJ

SINFÓNÍA NR. 4 Í F-MOLL, OP. 36



Árið 1877 var gífurlega erfitt og átakamikið en um leið frjósamt í lífi hins 37 ára gamla rússneska tónskálds Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893). Hann hneigðist til karlmanna en snemma á þessu örlagaríka ári barst honum bréf frá Antonínu Miljúkóvu, ungri stúlku sem hafði numið hjá honum við Tónlistarháskólann í Moskvu. Hún játaði honum ást sína og hótaði að stytta sér aldur ef hann kvæntist henni ekki. Tónskáldið lét til leiðast en hjónabandið var frá upphafi misheppnað og samlífið varði aðeins í nokkrar vikur. Hann hafði byrjað að semja 4. sinfóníu sína í maímánuði og á árinu hóf hann einnig að gera uppkast að óperu sinni Evgéní Onegin eftir samnefndri sögu Alexanders Puschkin. Um haustið, í kjölfar hins misheppnaða ráðahags, ferðaðist Tsjajkovskíj í fylgd bróður síns til bæjarins Clarens við Genfarvatn og síðar til Ítalíu. Á heimleið skrifaði hann Albrecht vini sínum frá Vínarborg:

„Hvað sálina varðar þá hlaut hún sár sem munu aldrei gróa. Í raun virðist mér að ég sé búinn að vera! Augljóslega kem ég 1. september 1878 í konservatóríið, mun sem fyrr kenna hljómfræði og nærvera minna gömlu vina mun gera mér gott - en það liðna kemur ekki til baka, aldrei! Eitthvað í mér er brostið, ég er vængstýfður, hátt flýg ég aldrei meir!“

En hann átti ekki afturkvæmt í konservatóríið vegna inngrips eldri konu, listunnanda í Moskvu sem óskaði eftir að fá að styrkja hann með 6000 rúblum á ári sem gerði honum kleift að hætta kennslustörfum og einbeita sér að tónsmíðum. Þau sammæltust um að hittast aldrei í návígi en bréfin sem á milli þeirra fóru urðu ríflega 1200 talsins.

Í desember lauk Tsjajkovskíj við 4. sinfóníuna og tileinkaði hana hinni örlátu velgerðarkonu sinni með þessum orðum „Tileinkað mínum besta vini“. Eftir það talaði hann jafnan um „sinfóníuna okkar“ þegar verkið bar á góma í bréfaskiptum þeirra. En hver var þessi kona sem af eigin hvötum ákvað að styðja sitt uppáhalds tónskáld fjárhagslega og veita honum á þann hátt frelsi til að einbeita sér að tónsköpun sinni?

Hún var rússnesk, hét Nadezhda von Meck (fædd Frolowskaja) og var uppi á árunum 1831–1894 samkvæmt okkar tímatali. Sautján ára gömul giftist hún tæknifræðingnum Karli von Meck og ól honum 18 börn á 28 hjónabandsárum þeirra. Þau efnuðust mjög af lagningu járnbrautarlína og rekstri þeirra. Eftil lát manns síns dró hún út úr hvers konar félagslegu lífi en einbeitti sér að rekstrarumsýslu og uppeldi barna sinna. Við heimilishaldið naut hún aðstoðar þjónustuliðs, kennara og að minnsta kosti eins tónlistarmanns sem kenndi börnunum og lék með henni sjálfri. Gegndi Claude Debussy því hlutverki um hríð.

Í einu bréfa sinna til frú Meck greindi Tsjajkovskíj frá hugrenningum sínum um fjórðu sinfóníuna. Samkvæmt lýsingu hans eigast hér við tvö öfl - maðurinn og örlög hans; „þetta óstöðvandi afl sem kemur sífellt í veg fyrir að hamingjudraumar okkar rætist“. Fyrsti þáttur sinfóníunnar hefst með dramatískum lúðraþyt, því sem kallað hefur verið „örlagastefið“. Meginstef þáttarins hljóma síðar, tregablandinn vals og draumkennd klarínettuhending sem á að tákna „flóttann frá raunveruleikanum“. Um miðbik kaflans nær Tsjajkovskíj fram áhrifamiklum hápunkti með því að láta örlagastef trompetanna ryðjast yfir ljúfan valsinn.

Í öðrum þættinum leiðir óbóið okkur í gegnum gnótt sárra og sætra minninga úr fortíðinni. Í Glettunni (Scherzo) sýnir tónskáldið snilli sína með plokki strengjanna og óvenjulegri notkun tréblásturshljóðfæranna. Sjálfur sagði hann kaflann ekki endurspegla ákveðnar tilfinningar heldur væri hann duttlungafull og torskilin myndasería. Í lokakaflanum er rússneska þjóðlagið *Á akrinum stóð birkitré* í aðalhlutverki. Með þessu var Tsjajkovskíj að fara út á meðal fólksins. „Ef þú finnur ekki til gleði innra með þér, þá líttu í kringum þig og sjáðu hvernig alþýðan getur skemmt sér af hjartans list [...] þú gleymir þér um stund en fyrr en varir banka örlögin að dyrum á nýjan leik“. „Örlagastefið“ úr fyrsta kaflanum hljómar vissulega undir lokin en gleðin upphefst aftur og nú er þjóðlagið leikið í dúr enn ekki moll og sinfónían endar á glæsilegum F-dúr hljómi.

Sigurður Ingvi Snorrason

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA
Eyrún Huld Ingvarsdóttir
Rozalia Maria Mietus
Þórunn Sveinsdóttir
Austin Ching Yu Ng
Steinunn Dís Öfjörð Sævarsdóttir
Andrés Illugi Gunnarsson Cortes
Þórdís Emilía Aronsdóttir
Drífa Rán Solimene
Embla Karen Egilsdóttir Opp
Hugrún Birna Hjaltadóttir
Haraldur Áss Liljuson
Magnús Thor Holloway
Áshildur Jökla Ragnarsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir

2. FIÐLA
Björney Anna Aronsdóttir
Þórunn Helena Jónsdóttir
Særún Luna Solimene
Gerða María Zoéga
Sveindís Eir Steinunnardóttir
Árni Dagur Sigurgeirsson
Ásrún Eir Þórarinsdóttir
Melkorka Jeanne Dahmane Sallé
Hulda Guðbjörg Hannesdóttir
Guðný Lilja Pálmadóttir
Arnlaugur Guðmundsson
Nína Ruth Stefánsdóttir
Isabella Liv Sigurgeirsdóttir
Justyna Bidler

VÍÓLA
Selma Elísa Ólafsdóttir
Þórhildur Vala Sigurðardóttir
Hanna Kristín Stefánsdóttir
Sigurlín Viðarsdóttir
Ronja Davidsdóttir
Þórhildur Eva Helgadóttir
Helga Björg Kjartansdóttir
Sunneva Kristín Guðjónsdóttir
Úlfur Þórarinsson
Emilía Íris Grétarsdóttir
Þórhallur Gottskálksson
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ
Urður Eir Baldursdóttir
Baldur Þórarinsson
Viðja Elísabet Magnúsdóttir
Snorri Páll Sigurgeirsson
Guðbjörn Mar Þorsteinsson
Helga Lilja Eyþórsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Arnar Geir Halldórsson

KONTRABASSI
Elías Dýrfjörð
T.C. Fizgerald
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

FLAUTA
Vega Magdalena Lövdahl
Aðalheiður Kristín Ragnarsdóttir
Hildur Arna Hrafnsdóttir

ÓBÓ
Andreas Guðmundsson Gähwiller
Össur Ingi Jónsson

KLARÍNETT
Íris Orradóttir
Þórey María E. Kolbeins

FAGOTT
Hrafn Marinó Thorarensen
Guðrún Erlendsdóttir

HORN
Þorgerður Þorkelsdóttir
Örn Kjartansson
Brynjar Guðrúnarson
Albert Príhoda
Jason Friedman

TROMPET
Almar Örn Gærdbo Arnarson
Eberg Óttarr Elefsen
Lára Rún Keel Kristjánsdóttir
Stefan Erlendur Ívarsson

BÁSÚNA
Árdís Freyja Sigríðardóttir
Anna Valgerður Káradóttir
Baldur Kári Malsch Atlason

TÚBA
Styrkár Flóki Lífarson Snorrason

PÁKUR
Hekla Sif Sævaldsdóttir

SLAGVERK
Bryndís Eir Sigurjónsdóttir
Ísar Orri Dagsson
Elvar Sindri Guðmundsson

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI
Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI
Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfdánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ
Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

VERKEFNI UNGSVEITAR SÍ

2009
Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2010
Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2011
Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2012
Gustav Holst: Pláneturnar
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2013
Hector Berlioz: Karnival í Róm
Claude Debussy: La mer
Edward Elgar: Sellókonsert
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2014
Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2015
Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 10
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2016
Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 5
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2017
Ígor Stravinskíj: Vorblót
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2018
Pēteris Vasks: Viatore
Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2019
Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2021
Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri

2022
Sergej Rakhmanínov: Sinfónía nr. 2
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri

2023
Hector Berlioz: Draumórasinfónían
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri

2024
Aaron Copland: Fanfare for the Common Man
Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 9
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri

ÞÁTTTAKA UNGSVEITAR SÍ Á TÓNLISTARHÁTÍÐUM

TECTONICS ÁRIN 2013-2015
Hljómsveitarstjórar: Ilan Volkov (2013),
Robyn Schulkowsky (2014)
og Hafdís Bjarnadóttir (2015).

MYRKIR MÚSÍKDAGAR ÁRIÐ 2017
Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter
AND THE GOBLET OF FIRE™
IN CONCERT

27.– 29. NÓVEMBER, 2025

HARPA · REYKJAVÍK

Conducted by Timothy Henty

Sinfonia.is · HarryPotterInConcert.com

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES · BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

All characters and elements © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR.

Á DÖFINNI

DANÍEL & TSJAJKOVSKÍJ



FIMMTUDAGUR 25. SEPTEMBER KL. 19:30

Daníel Bjarnason stjórnar Íslandsfrumflutningi á verki sínu I Want To Be Alive - þríleikur fyrir hljómsveit en á tónleikunum hljóma einnig For Petra I eftir Hildi Guðnadóttur úr kvikmyndinni Tár og píanókonsert nr. 1 eftir Pjotr Tsjajkovskíj í flutningi Önnu Geniushene.

KIAN SOLTANI LEIKUR HAYDN



FIMMTUDAGUR 2. OKTÓBER KL. 19:30

Staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Kian Soltani, leikur sellókonsert nr. 1 í C-dúr eftir Joseph Haydn. Einnig hljóma á tónleikunum forleikur að Galdraskyttunni eftir Carl Maria von Weber og sinfónía nr. 5 eftir Pjotr Tsjajkovskíj. Um tónsprotann heldur Mirian Khukhunaishvili.

BARTÓK & RAVEL



FIMMTUDAGUR 9. OKTÓBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveitin leikur forleik að Síðdegi skógarpúkans eftir Claude Debussy, La valse eftir Maurice Ravel, Sinfóníu nr. 4 eftir Witold Lutosławski og Píanókonsert nr. 3 eftir Béla Bartók. Martin Helmchen leikur einleik og Dima Slobodeniouk stjórnar.

SINFÓNÍAN Á BETRA VERÐI



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Með Skólakorti Sinfóníuhljómsveitar Íslands fá allir nemar, 25 ára og yngri, miða á tónleika Sinfóníunnar fyrir aðeins 2.490 kr. ef miðinn er keyptur samdægurs.

Hægt er að sækja um kortið í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort.